

L Ö G

um breyting á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

15. gr. 7. málsgrein d-liðs laganna orðist svo:

Sá, sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 30 daga virka, ef hann naut slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða veran á námskeiðinu hófst, sbr. þó 2. mgr. 17. gr. Réttur til atvinnuleysisbóta helst óskertur, þótt bótaþegi sæki námskeið á vegum verkalýðssamtakanna eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfshæfni hans, enda standi þau skemur en einn mánuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 14. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 29. gr. laganna bætast eftirtalдар málsgreinar:

Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er starfsmönnum, er skipa eftirtalin störf, óheimilt að gera verkfall:

1. Héraðsdómarar, hæstaréttarritari og starfsmenn Hæstaréttar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjórar, tollgæslustjórar og fulltrúar saksóknara.
2. Ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar í ráðuneytum, sendiherrar, starfsmenn íslenskra sendiráða erlendis, skrifstofustjóri og deildarstjórar á skrifstofu Alþingis og starfsfólk skrifstofu forseta Íslands.
3. Starfsmenn sáttasemjara ríkisins.
4. Starfsmenn Alþingis, forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og launadeildar fjármálaráðuneytisins er eigi falla undir 2. tl.

5. Forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
6. Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra, nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.
7. Aðrir þeir er gegna embættum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.—6. tl.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal fjármálaráðherra birta skrá um nöfn og störf þeirra manna, sem falla undir ákvæði 1.—7. tl.

Rísi mál um hvort maður falli undir ákvæði 1.—7. tl. 1. mgr. skal það mál lagt fyrir Félagsdóm sem sker úr því til fullnustu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Gjört að Bessastöðum 26. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um upptöku ólöglegs sjávarafla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla:

1. sem ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum.
2. sem umfram er ákveðinn hámarksafla, sem bátum er settur.
3. sem aflað er með ólöglegum veiðarfærum.
4. sem aflað er á svæðum þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar eða án þess að tilskilin veiðileyfi séu fyrir hendi.

2. gr.

Ólöglegur sjávarafli skal gerður upptækur og andvirði hans renna í sérstakan sjóð, sem varið skal í þágu fiskirannsóknna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins. Er upptaka óháð því, hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða. Ákvæði þessarar greinar skulu víkja fyrir ákvæðum sérlaga um upptöku afla.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða samkvæmt lögum þessum og í hve miklu magni. Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er heimilt að áætla það magn eftir framkomnum gögnum.

Ráðuneytið úrskurðar enn fremur, hvert skuli vera andvirði hins ólöglega afla, sem gera skal upptækan, og skal þá miða við heildarsöluverðmæti aflans, eða þess hluta hans, sem við á.